

Miðvikudaginn 19. febrúar 1986.

Nr. 38/1986.

Ákærvaldið

gegn

Bjarna Magnúsi Aðalsteinssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. febrúar 1986, er barst Hæstarétti 17. sama mánaðar. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísun til 5. töluliðar 67. gr. laga nr. 74/1974 og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdómara í hinum kærða úrskurði þykir mega staðfesta úrskurðinn. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. febrúar 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 12. febrúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að gæsluvarðhald kærða, Bjarna Magnúsar Aðalsteinssonar, fædds 19.08. 1949, til heimilis að Skarphéðinsgötu 16, Reykjavík, sem honum var gert að sæta með úrskurði uppkveðnum 14. desember sl. og rann út í dag kl. 17:00, verði framlengt til miðvikudagsins 2. apríl nk. kl. 17:00. Vísað er til 4. og 5. tl. l. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir.

Að kvöldi 12. desember sl. var lögreglan kvödd að heimili kærða, en hann hafði þar veist að Ernu Valborgu Héðinsdóttur, fæddri 05.09. 1960,

fyrirverandi sambýliskonu sinni og veitt henni áverka með búrhníf. Kærði var ölvaður er þetta gerðist.

Við skoðun á slysadeild kom í ljós að Erna Valborg hafði fengið um 2 cm langan skurð á hnakka og á hvirflinum hafði verið skorinn 5-6 cm flípi upp úr hársverðinum. Í greip hægri handar var djúpur 2 cm langur skurður, um 1 cm langur skurður á löngutöng vinstri handar, 2 stungusár á vinstri öxl og marblettir og fleiður á báðum upphandleggjum. Stúlkan hafði misst töluvert blóð.

Kærði hefur kannast við að hafa lagt til stúlkunnar með hnífi og haft á orði að hann ætlaði að drepa hana. Hann hefur einnig kannast við að hafa oftast lagt á hana hendur og hótað að drepa hana og m.a. hafi hann veitt henni áverka á eyra með hamri. Kærða var hinn 14. desember sl. gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag og jafnframt að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn.

Á árinu 1981 var kærði dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Vegna þessa máls sætti hann geðrannsókn. Í niðurlagi skýrslu Lárusar Helgasonar yfirlæknis um geðheilbrigði kærða á þeim tíma kemur m.a. fram, að hann er haldinn drykkjusýki, geðvillu og djúpstæðri andúð á konum. Niðurstæða geðrannsóknar Hannesar Péturssonar yfirlæknis, dags. 30. janúar sl., er í meginatriðum í samræmi við fyrri geðrannsókn.

Kærði hefur ekki hlotið dóm fyrir önnur hegningarlaga brot en að framan segir, en á síðasta ári kærði Erna Valborg kærða fyrir nauðgun. Það mál var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar 21. október sl., en stúlkan mun áður hafa dregið kærðu sína til baka. Ákvörðun ríkissaksóknara varðandi það mál liggur ekki fyrir.

Kærði er grunaður um brot gegn 211. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga eða 2. mgr. 218. gr. sömu laga. Rannsókn þessa máls er nær lokið og mun það verða sent ríkissaksóknara til ákvörðunar innan skamms.

Með hliðsjón af framansögðu og því hve hættuleg árásin var, svo og með vísan til refsiramma 211. og 218. gr. almennra hegningarlaga og enn fremur með vísan til 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir ekki verða hjá því komist að verða við kröfu RLR og ákveða að kærði skuli sæta áfram gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 2. apríl nk. kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Bjarni Magnús Aðalsteinsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 2. apríl 1986 kl. 17:00.